



Alþingi
Erindi nr. P 135/905
komudagur 11.12.2007

Jafnréttisstofa


Akureyri 7. des. 2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Jafnréttisstofa styður eindregið að samningurinn verði lögfestur. Lögfesting hans myndi án efa tryggja réttindi barna enn betur en nú er gert. Ekkert er mikilvægara hverju þjóðfélagi en að búa sem allra best að börnum. Verði samningurinn lögfestur geta íslenskir dómstólar vísað til hans og byggt á honum í dómum sínum. Sem dæmi má nefna að Norðmenn hafa þegar lögfest samninginn til að styrkja stöðu barna. Því fleiri þjóðir sem lögleiða samninginn því meira vægi fær hann í alþjóðlegu samhengi sem getur orðið börnum til stuðnings víða um heim þar sem réttur er á þeim brotinn.

F.h. Jafnréttisstofu,


Kristín Ástgeirsdóttir
Framkvæmdastýra